Vista sem | Hreinsa | Prenta út

LANDSPÍTALI

# SAMNINGUR UM TÍMABUNDIÐ SKERT VINNUFRAMLAG VEGNA VEIKINDA

Er forsenda samningsins aðkoma VIRK? Já ☐ Nei ☐

| | |
|---|---|
| *Nafn starfsmanns:* | *Starfsheiti:* |
| *Kennitala:* | *Starfshlutfall skv. ráðningarsamningi:* |
| *Svið:* | *Deild:* |

| | | |
|---|---|---|
| Vinnufyrirkomulag í veikindum | *Starfshlutfall:* | *Veikindahlutfall:* |
| Gildistími samnings | *Frá:* | *Til:* |

*Helstu verkefni á samningstímanum ef breytingar:*

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH/SSbr.190410

Landspítali og undirritaður starfsmaður gera með sér samning þennan um hlutaveikindi, þ.e. tímabundið skert vinnuframlag vegna veikinda. Samningurinn tekur gildi þegar aðilar hafa staðfest hann með undirritun sinni.
Frumriti hans skal komið til launadeildar LSH fyrir gildistöku hans.

Starfsmaður skráir viðveru sína og fjarvistir í viðverukerfi Landspítala (Vinnustund). Yfirmaður fer yfir og staðfestir vinnuskýrslur en launafulltrúi lagfærir skráningar í samræmi við samning þennan. Ekki er greitt fyrir unna yfirvinnu á meðan á hlutaveikindum stendur en þess í stað greitt meðaltal yfirvinnu í veikindum í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Samningur þessi fellur úr gildi þegar gildistími hans rennur út, forsendur hans bresta eða nýr samningur er gerður.

**Þessi hluti á aðeins við ef forsenda samnings er endurhæfingaráætlun á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs**

Ef forsenda samnings þessa er að starfsmaður sinni á gildistíma hans endurhæfingu samkvæmt sérstakri endurhæfingaráætlun á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs öðlast hann gildi þegar fyrir liggur staðfest áætlun / samkomulag milli VIRK og starfsmannsins um starfsendurhæfingu.

Starfsmaður skuldbindur sig þar með til að þiggja þjónustu og sinna nánar tilgreindri endurhæfingu undir stjórn VIRK samkvæmt sérstöku samkomulagi þeirra á milli. Gangi markmið starfsendurhæfingar í samvinnu við VIRK ekki eftir teljast forsendur þessa samnings brostnar og kann spítalinn þá að gera kröfu um endurskoðun á ráðningarsamningi aðila. Að höfðu samráði við trúnaðarlækni verður þá lagt mat á líkur á bata með tilliti til breytinga, starfsloka eða lækkaðs starfshlutfalls eftir því sem við á.

Með undirritun sinni á samning þennan samþykkir starfsmaður að VIRK starfsendurhæfingarsjóður og Landspítali veiti hvor öðrum nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd á hlutaveikindasamningi hans við LSH og framgang endurhæfingaráætlunar hans á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.

Reykjavík, dags. ..........................................................................

| | |
|---|---|
| ........................................ | ........................................ |
| *Starfsmaður / þátttakandi* | *f.h. Landspítala / handhafi ráðningarvalds* |